

**Nd.**

**110. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kaптúna.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Lögin um váttrygging sveitabæja frá 1905 hafa verið alt oflitið notuð meðal þjóðarinnar. Ein aðalorsökin til þess mun vera sú, að ekki hafa fengist váttrygðir samkvæmt þeim nema  $\frac{2}{3}$  húsanna; hafa því eigendur þeirra húsa, er nokkurt verulegt verðmæti höfðu, ýmist sneitt hjá því, að brunabótafjelög kæmust á samkvæmt þessum lögum, eða þá beinlínis unnið á móti því. Hafa því þeir menn, sem á annað borð vilja tryggja eignir sínar, sjeð sig til neydda að váttryggja í erlendum fjelögum. Nú þegar lögin um brunabótafjelag Íslands eru komin til framkvæmdar, virðist rjelt að færa þessi lög í sama horf að því er snertir stærð hins váttrygða hluta húsanna. Sýnist ekkert vera því til fyrirstöðu, þar sem brunahætta er engu meiri í sveitum en kaптúnum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

### BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Orðið »erlendu« í síðustu málsgrein 4. gr. falli burt.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., þannig:

Í staðinn fyrir: »að  $\frac{2}{3}$  í húsi« í 5. gr. laganna komi:

að  $\frac{5}{6}$  í húsi.

Greinatalan á eftir breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 7. jan. 1917.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Einar Árnason,  
ritari og framsögum.

Jón Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Einar Jónsson.